

Reykjavík í marz 1974.

Starfshópur rauðsokka um sveitarstjórnarmál, sem hefur fjallað um tillögur borgarstjórnar varðandi dagvistun barna í Reykjavík, gerir eftirfarandi athugasemdir.

Dagvistunarrými barna í Reykjavík fullnægir ekki helmings þörf nú. Samkvæmt könnun Þorbjörns Broddasonar haustið 1971 á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, þurfa a.m.k. 6-7 þús. börn í Reykjavík að vera í dagvistun. Áætlað er, að dagvistunarrými fyrir börn verði rösklega 3 þús. á þessu ári. Hvar eiga þá hin 3-4 þús. börnin að vera? Við álítum að stefna skuli að því, að svo myndarlega verði tekið á byggingum dagvistunarstofnana, að unnt verði að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna innan fárra ára

Vistun barna á einkaheimilum er neyðarráðstöfun meðan dagvistunarstofnanir fullnægja ekki eftirspurn. Vistun á einkaheimili er mjög óörugg og ekki varanleg. Getur hún valdið miklu raski á högum barns og foreldrum þess erfiðleikum, t.d. ef gæzlumaður veikist eða heimilisfólk hans. Gæzlumaður á einkaheimili er í fæstum tilfellum sérmenntaður í barnaupveldi.

Dagvistun^{af}staða fyrir börn er æskileg í hverju stóru fjölbýlishúsi, sem byggt er, og að íbúum þeirra sé veitt aðstoð a.m.k. við rekstrarstofnun þeirra. Við skipulagningu nýrra hverfa þyrfti að hafa þann möguleika opinn, að raðhúsasamstæður og aðrar íbúðaeiningar geti stofnað dagvistunarheimili. Varast skal þó hvers konar stéttaskiptingu og leyfa börnunum að blandast sem mest. Sé dagvistunarheimili stofnað og starfrækt hjá atvinnufyrirtæki, skulu allir starfsmenn njóta sama réttar með dagvistun barna sinna. Í þessu sambandi viljum við minna á, hve aðstoð sveitarfélaga við rekstur slíkra dagvistunarstofnana hlýtur að vera bæði auðveldari og sjálfsagðari eftir að Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila tóku gildi.

Við teljum óeðlilegt, að byggðir séu fleiri leikskólar en dagheimili, eins og fram kemur í tillögu frá 6.des.sí, í borgarstjórn. Leikskólar gefa fólki aðeins kost á að vinna hálfstarf. Það er enn ríkjandi hefð, að mæður gæti barna frekar en feður, og er því hætt á, að þær njóti ekki sömu möguleika og karlar á vinnumarkaðnum. Athyglisverð finnst okkur sú hugmynd, sem fram kom á ráðstefnu um málefni yngstu borgaranna á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og barnaverndarráðs Íslands nýlega, að dagvistunarstofnunum sé ekki skipt í leikskóla og dagheimili, heldur sé dvalartími hafður sveigjanlegri eftir þörfum foreldra. Þar með verði jafnframt komið í veg fyrir hugsanlega stéttaskiptingu milli leikskóla og dagheimila.

Um leið og komið er til mótis við þarfir foreldra má ekki slá af kröfum um innri gerð dagvistunarstofnanna. Dvöl barns á dagvistunarheimili er liður í uppeldi þess, þar sem það þroskast og nýtur handleiðslu sérmenntaðs fólks. Dagheimili má aldrei verða geymsla.

Við beinum því til borgarstjórnar, hvort ekki séu möguleikar á að lækka stofnkostnað dagheimila svo og hvort ekki megi nýta eldri hús, svo hægt sé að koma til mótis við þörfina fyrr.

Við fögnum tillögu um að sporna við aðskilnaði kynslóða.

Við álítum rétt, að stefna beri að því, að dagvistun barna verði í framtíðinni ókeypis fyrir alla í sama hátt og skólaganga, þ.e. að dagheimilin verði einskonar forskóli. Rétt er þó að taka fram, að margir foreldrar eru reiðubúnir að greiða fullan kostnað fyrir dagvistun barna sinna til þess að njóta þessarar aðstöðu. Ekki er óeðlilegt, að foreldrar taki þátt í rekstrarkostnaði meðan á uppbyggingu stendur, flýti það fyrir henni. Við teljum það sjálfsögð mannréttindi að öll börn fái aðgang að dagvistunarstofnun og kostnaður vegna hennar hafi þar engin áhrif. Við bendum einnig á, að tekjur ríkis- og sveitarfélaga hækka, þegar foreldrar geta báðir sinnt fullum störfum í þjóðfélaginu, auk þess hlýtur þjóðarframleiðslan að aukast með auknu vinnuafli.

F.h. starfshóps Ráuðsokka um sveitarstjórnarmál

Kristín Ingvarsdóttir.
Kristín Ingvarsdóttir.